

Nd.

99. Frumvarp

til laga um útflutningsgjald af sild.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar sildar (108—120 lítra) skal greiða 3 króna útflutningsgjald. Gjaldið greiðist og af sild þeirri, er söltuð er og verkuð í íslenskri landhelgi.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimti gjaldið og fá 1% í innheimtulaun. Skal gjaldið greitt í peningum eða ávisunum, er gjaldheimtumaður tekur gildar.

3. gr.

Af gjaldi því, sem ákveðið er í 1. grein, skal greiða 5% í Fiskiveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar sjávarútvegi innlendra manna.

4. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907 eru hjer með numin úr gildi, svo og 11. tölu-
liður í 3. gr. laga nr. 16, 16. sept. 1915.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda meðan styrjöldin stendur og afleiðingar hennar gera það nauðsynlegt, að álitu landsstjórnarinnar.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Norðurláfuófriðurinn hefir fært oss svo marga og mikla erfiðleika að höndum, að óhjákvæmilegt hefir þótt að veita starfsmönnum landssjóðs dýrtíðaruppbót, og eru líkindi til, að sú ráðstöfun baki landssjóði hátt á 3. hundr- að þúsund kr. útgjaldaauka. Auk þess hefir og komið til mála, að afnema sykurtollinn, til að gera alþýðu dýrtíðina nokkru bærilegri, og það mundi og valda landssjóði allmikillar tekjurýrnunar.

Til að afla landssjóði nokkurs tekjuauka, hefir því það eitt þótt til- tækilegt, nú í svipinn, að hækka útflutningsgjald af síld lítilsháttar.

Frekari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins mun gerð við framsögu málsins.